



HJÓLREIÐAFÉLAG
AKUREYRAR

Lög Hjólreiðafélags Akureyrar

1.grein

Heiti

Félagið heitir Hjólreiðafélag Akureyrar, skammstafað HFA. Heimili félagsins og varnarþing er á Akureyri.

2.grein

Markmið

Meginmarkmið Hjólreiðafélags Akureyrar eru:

- Framgangur hjólreiða á Akureyri og í Eyjafirði og hagsmunagæsla fyrir hjólreiðafólk.
- Faglegar hjólreiðaæfingar í öllum greinum hjólreiða.
- Keppnishald í hjólreiðum.
- Fræðsla fyrir hjólreiðafólk, jafnt unga sem aldna.
- Stuðla að nýliðun og auknum hjólreiðum á svæðinu meðal annars með kynningu og fræðslu fyrir almenning og yfirvöld.
- Vinna að bættum aðstæðum fyrir hjólreiðar á svæðinu bæði innanbæjar og utan.
- Að halda Hjólreiðahátíð árlega.
- Að skrá hjólaleiðir á norðurlandi í sameiginlega gagnagrunna þar sem fram kemur lengd og erfiðleikastig svo auðvelt sé að finna þær leiðir.
- Að stuðla að og fylgja eftir uppbyggingu, merkingu og viðhaldi hjólaleiða á norðurlandi í samstarfi við landeigendur, viðeigandi yfirvöld og aðra hagsmunaaðilla.
- Að vera keppnisfélag fyrir fólk sem vill keppa undir merkjum HFA.

3. grein

Félagar

Hver sá sem greiðir félagsgjald til félagsins er félagi í Hjólreiðafélagi Akureyrar. Félagar fara með eitt atkvæði á aðalfundi og og félagsfundum. Einstaklingar yngri en 16 ára hafa ekki atkvæðisrétt. Upphæð félagsgjalda skal lögð fyrir aðalfund af stjórn til samþykkis og skulu þau renna í aðalsjóð félagsins. Félagatal skal varðveitt af stjórn. Stjórn skal setja sér reglur um meðferð félagatals. Félagatal skal ekki látið af hendi til þriðja aðila. Úrsögn úr félaginu skal tilkynnt skriflega til stjórnar. Þeir aðilar sem ekki greiða árgjald félagsins verða teknir af félagaskrá.

4. grein

Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn félagsins er æðsti aðili í málefnum þess á milli aðalfunda og mótar starfsemina í aðalatriðum. Félagshöfundur skal boða svo oft sem stjórn ákveður og ef skrifleg ósk kemur fram frá eigi færri en 10 félagsmönnum og tilgreini þeir fundarefni hans. Halda skal félagsfund eigi síðar en fjórum vikum eftir að krafan um hann barst stjórninni og skal boða félagsfundinn með viku fyrirvara. Stjórn er heimilt að halda aðalfund og félagsfund með fjarfundarbúnaði eftir þörfum svo fremi sem atkvæðagreiðsla getur farið fram með þeim búnaði.

5. grein

Aðalfundur félagsins

Aðalfundur félagsins skal haldinn að hausti, eigi síðar en 15. október ár hvert. Aðalfundur hefur æðsta vald innan félagsins og ákvörðunarrétt í öllum málum þess. Aðalfundur skal auglýsa opinberlega með minnst 14 daga fyrirvara auk þess að senda fundarboð í tölvupósti á alla skráða félagsmenn. Aðalfundur félagsins er löglegur sé löglega til hans boðað, án tillits til hversu margir mæta á fundinn.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- A. Kosning fundarstjóri og fundarritari.
- B. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
- C. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
- D. Lagabreytingar, ef tillögur liggja fyrir sbr. 12. grein.
- E. Ákvörðun um árgjald.
- F. Staðfesting siðareglna.
- G. Kosning í stjórn félagsins til eins árs.
- H. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
- I. Önnur mál.

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála, sbr. þó 12. grein. Kosning skal vera skrifleg nema aðeins komi fram ein uppástunga til stjórnarstarfa, þá telst sá sem tilnefndur er, sjálfkjörinn.

6. grein

Reikningsár og reikningsskil

Reikningsár félagsins skal vera 1. September - 31. ágúst. Allir reikningar skulu vera komnir til skoðunarmanna félagsins eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reikningsárið 2020 skal vera 1. janúar 2020 til 31. ágúst 2020. Sérákvæði þetta um reikningsárið 2020 fellur úr gildi á aðalfundi að hausti árið 2020.

7. grein

Félagaskrá

Stjórnin skal halda félagaskrá og endurkoða hana á hverju starfsári.

8. grein

Afsögn stjórnar

Komi til þess að stjórn segir af sér störfum skal boða til félagsfundar og nýir fulltrúar kosnir til sama tíma og fráfarandi fulltrúar voru áður kosnir.

9. grein

Félagsslit

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi með samþykki að minnsta kosti 2/3 hluta fundarmanna og því aðeins að getið hafi verið um væntanlega atkvæðagreiðslu um framtíð félagsins í skriflegu fundarboði. Aðalfundur ráðstafar eigum félagsins til þess málefnis er ákveðið er á fundinum verði það lagt niður.

10. grein

Lagabreytingar

Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi félagsins, og þarf til þess samþykki $\frac{2}{3}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur til lagabreytingar skulu tilkynntar með aðalfundarboði og skulu þær birtar á heimasíðu félagsins eigi síðar en ~~viku~~ 14 dögum fyrir aðalfund.

11. grein

Brottvísun

Verði félagsmaður uppvís um háttarni sem telja má víst að gangi gegn lögum og siðareglum félagsins getur stjórn tekið ákvörðun um að vísa félagsmanni úr félaginu. Slík ákvörðun verður að vera samþykkt af meirihluta stjórnarmanna. Stjórn tilkynnir félagsmanni um ákvörðun sína og gefur félagsmanni eina viku til andmæla. Eftir að frestur til andmæla er liðinn tekur stjórn andmæli til greina og tekur lokaákvörðun. Ákveði stjórn að vísa félagsmanni úr félaginu tekur sú ákvörðun gildi um leið og stjórn hefur kynnt félagsmanni ákvörðun sína.

12. grein

Stjórn Hjólreiðafélags Akureyrar - HFA

Stjórn Hjólreiðafélags Akureyrar HFA skal kosin á aðalfundi félagsins og skal skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara. Varamenn hafa ávallt rétt til setu á stjórnarfundum, með málfrelsi og tillögurétt. Stjórn félagsins skal setja sér siðareglur og skulu þær staðfestar af aðalfundi ár hvert. Stjórn skiptir með sér verkum og velur formann, varaformann, gjaldkera og ritara. Stjórn og nefndum félagsins er heimilt að afgreiða mál á fjarfundum sem og með skipulagstólum á netinu svo fremi sem atkvæðagreiðsla fari fram eftir þörfum og sé skrásett í fundargerðum eins og á hefðbundnum fundum.

Prókúruhafar félagsins skulu vera tveir; formaður og gjaldkeri og skulu þeir hafa aðgang að öllum reikningum félagsins.

Stjórn skipar formenn í nefndir, til dæmis:

- A. Fjallahjólnefnd
- B. Götuhjólnefnd
- C. Hjólreiðahátíðarnefnd

Fulltrúi úr stjórn HFA skal vera í öllum starfandi nefndum. Formenn nefnda skulu ávallt hafa áheyrnar- og tillögurétt á stjórnarfundum. Ákvörðun um stofnun nýrra nefnda/deilda innan félagsins verður eingöngu tekin með samþykki allra stjórnarmanna.

Skoðunarmenn reikninga skulu fara yfir bókhald félagsins á 6. mánaða fresti, og skulu fá aðgang að bókhaldsgögnum óski þeir eftir því.

13.grein

Gildistaka

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi eldri lög félagsins.

Dagsett: 13. maí 2020.